

Velferðarnefnd  
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2020

**Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum (vinnutími starfsmanna sem veita persónulega notendastýrða aðstoð). Þingskjal 1129 – 665. mál.**

BHM hefur fengið til umsagnar drög að frumvarpi til breytinga á lögum 46/1980 (vinnuverndarlög). Með frumvarpinu stendur til að framlengja ákvæði til bráðabirgða nr. 9 í vinnuverndarlögum, sem heimilar að aðilar vinnumarkaðarins geri með sér samkomulag um að víkja frá ákvæðum 53. og 56. gr. laganna sem fjalla um hvíldartíma og næturvinnutíma þeirra starfsmanna sem veita einstaklingum þjónustu á grundvelli notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA).

Þegar það bráðabirgðaákvæði sem nú stendur til að framlengja kom til umræðu haustið 2018 var BHM mótfallið því að veittar yrðu áframhaldandi undanþágur frá ákvæðum 53. og 56. gr. vinnuverndarlaga.

BHM veitti Velferðaráðuneytinu umsögn um frumvarpsdrögin í september 2018 en það misfórst að koma þeirri umsögn BHM á framfæri við Alþingi þegar málið fékk þinglega meðferð. Í umsögn BHM kom þá fram að bandalagið fagnaði tilkomu laga 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. BHM væri hins vegar mótfallið því að veittar verði áframhaldandi undanþágur frá ákvæðum 53. og 56. gr. vinnuverndarlaga. Var vísað í að í greinargerð með frumvarpsdrögunum kom fram að ákvæði vinnuverndarlaga byggja á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins sem felur í sér lágmarksréttindi og er ætlað að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna. BHM hefði áhyggjur af því að lengdur vinnutími og minni hvíld væru til þess fallin að auka líkur á mistökum í starfi. Mistök í starfi sem þessu geta verið mjög dýrkeypt, eins og dæmin hafa sannað.

Þá kom fram að viðbúið væri að notendur þjónustu á grundvelli laga 38/2018 séu í mörgum tilvikum fólk með mjög sérhæfðar stuðningsþarfir sem krefjast mikillar nákvæmni, umsjónar og eftirlits. Langur vinnutími og skert hvíld eru til þess fallin að draga úr nákvæmum vinnubrögðum og er auk þess á skjön við styttingu vinnuvikunnar sem nú er víða að koma til framkvæmdar meðal annars með það að markmiði að auka gæði starfs og vinna gegn streitu starfsfólks. Vakti BHM sérstaka athygli á að það leiddi ekki sjálfkrafa til síðri þjónustu til notenda yrði undanþágan ekki framlengd. Það myndi hins vegar í einhverjum tilvikum leiða til aukins kostnaðar við þjónustu. Það telur BHM réttlæt看legt fremur en að hætta á mistök sem eru afleiðing af ónógri hvíld starfsmanns.

Þessi afstaða BHM er óbreytt. Er það skoðun bandalagsins að heppilegra sé að hið opinbera taki á sig og greiði þann viðbótarkostnað sem fellur til við það að ákvæði vinnuverndarlaga um hvíldartíma gildi einnig um starfsmenn sem veita notendastýrða persónulega aðstoð.

Þá er það afstaða BHM að heppilegra væri, verði gildistími bráðabirgðaákvæðis nr. 9 framlengt, að gerður verði greinarmunur á þjónustuþörf notenda þannig að í þeim tilvikum þar sem þjónustuþörf er mikil og krefst aukinnar nákvæmni og sérþekkingar eigi umrætt ákvæði til bráðabirgða ekki við.

*Virðingarfyllt  
f.h. BHM,*

*Andri Valur Ívarsson*

Andri Valur Ívarsson  
lögmaður BHM